

## FÉLAGSMIÐSTÖÐIN ÞRÓTTHEIMAR – MAT Á FRÍSTUNDASTARFI



Febrúar 2015

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

**Ritun skýrslu og fylgiskjala:**

Ásgeir Björgvinsson

Björk Ólafsdóttir

Sigrún Sveinbjörnsdóttir

<b>Inngangur .....</b>	<b>4</b>
Félagsmiðstöðin þróttheimar.....	4
Greining.....	5
Stjórnun.....	6
Frístundastarf .....	7
Mannauður.....	8
Staðarbragur .....	8
Innra mat.....	9

## INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum mats í Þróttheimum sem fram fór í desember 2014. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

**Meginstef ytra mats á frístundastarfi er það sama og á öðrum stofnunum skóla- og frístundasviðs, að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.**

**Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.**

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum frístundastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Frístundastarf
- III. Mannauður
- IV. Staðarbragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að allar félagsmiðstöðvar fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist frístundamiðstöðvum við innra mat.

Matið fór fram í byrjun desember 2014 og átti gagnaöflun í Þróttheimum sér stað frá 1. - 8. desember. Matið byggir á niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks, foreldra, barna og unglunga og vettvangsathugunum í félagsmiðstöðinni.

## FÉLAGSMIÐSTÖÐIN ÞRÓTTHEIMAR

Þróttheimar er félagsmiðstöð fyrir börn og unglunga frá 10-16 ára í hverfi Langholtsskóla. Félagsmiðstöðin er staðsett að Holtavegi 11 í Reykjavík og starfrækt af Frístundamiðstöðinni Kringlumýri. Þróttheimar bjóða upp á frístundastarf alla daga vikunnar fyrir unglunga í 8.-10. bekk, einu sinni í viku fyrir börn í 6. og 7. bekk og aðra hverja viku fyrir börn í 5. bekk.

Forstöðukona er Inga Lára Björnsdóttir.

**Styrkleikar:**

Góð fagleg forysta og jákvætt viðhorf til stjórnenda meðal starfsfólks, barna, unglunga og foreldra. Starfshópurinn vinnur vel saman og ígrundun starfshátta er fastur liður. Gott samstarf er við hverfisskólann. Til fyrirmyndar eru lýðræðisleg vinnubrögð með börnum og unglungum við mótun á starfinu. Klúbbastarf og dagskrá er fyrst og fremst skipulögð af börnum og unglungum og þau fá tækifæri til að koma hugmyndum sínum í framkvæmd og bera ábyrgð. Vel er tekið á móti börnun og unglungum og þeir kvaddir við brottför. Starfsemin tekur mið af ólíkum þörfum einstaklinga. Börn, unglingar og foreldrar eru ánægðir með félagsmiðstöðvarstarfið. Starfsandi er góður, starfsfólk er ánægt í starfi og liðsandinn einkennist af samábyrgð.

**Tækifæri:**

Leita þarf leiða til að auka fræðslumöguleika starfsfólks í hlutastarfi. Vinna þarf að endurbótum á húsnaði og bæta aðgengi fyrir fatlaða. Huga þarf að betri skráningu og áætlunargerð út frá starfsáætlun Kringlumýrar og formlegra innra mati á starfinu með þátttöku barna og unglunga. Þróa má fyrirmyndar lýðræðisvinnu með börnum og unglungum enn meira með aðkomu þeirra að stefnumótun og starfsáætlanagerð. Til bóta væri að hafa upplýsingar um starfið aðgengilegar á erlendum tungumálum.

**Niðurstöður – yfirlit:**

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar þar sem dökkgrænt sýnir mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf, ljósgrænt sýnir gott verklag þar sem flestir þættir eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, gult þýðir að einhverjir mikilvægir þættir þarfnast úrbóta og rautt að verklag er óviðunandi og uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Stjórnun	Frístundastarf	Mannauður	Staðarbragur
Forstöðumaðurinn sem leiðtogi	Skipulag starfs og starfsaðstæður	Fagmennska starfsfólks	Viðmót og menning
Stjórnun stofnunar og ráðstafanir í daglegum rekstri	Uppeldi og menntun	Starfsánægja	Velferð og líðan barna
Verklagsreglur og áætlanir	Starfshættir og viðfangsefni		Foreldrasamstarf
Faglegt samstarf	Virk þátttaka og lýðræði		
Þróun og nýbreytni	Mannréttindi og margbreytileiki		

### **Það sem vel er gert:**

- Stjórnendur rækta vel samskipti við börn og starfsfólk í daglegu starfi.
- Starfsfólki, foreldrum og börnum finnst þau geta komið skoðunum sínum á framfæri og haft áhrif á starfið.
- Samstarf innan starfsmannahópsins er gott, starfsfólk nýtur trausts til að taka ákvarðanir og hefur umboð til athafna.
- Til fyrirmyndar eru lýðræðisleg vinnubrögð með börnum/unglingum við mótun á klúbbastarfi og dagskrá. Nemendaráð er starfandi og er opið fyrir öllum áhugasömum.
- Til fyrirmyndar er hve vel er staðið að því að kynna dagskrá félagsmiðstöðvarinnar.
- Stjórnendur hafa frumkvæði að því að kynnast nemendum Langholtsskóla og virkja til þátttöku í félagsmiðstöðvarstarfinu.
- Starfsfólk er virkt í samstarfi og samráði við stjórnendur og kennara í Langholtsskóla.
- Ígrundun og þróun starfshátta er fastur liður í starfinu.
- Starfsþróunarsamtöl eru tekin árlega og stjórnendur miðla menntandi efni til starfsmanna.

### **Tækifæri til umbóta:**

- Vinna þarf skýrari aðgerðaáætlun út frá stefnu og starfsáætlun Kringlumýrar 2014-2015 í samráði við starfsfólk og unglunga.
- Reglulega þarf að framkvæma rýmingaræfingar með börnum, unglungum og starfsfólki.
- Skrá þarf viðbrögð við einelti í barna- og unglingahópnum.
- Leita þarf leiða til að auka markvissa fræðslu og símenntun fyrir starfsfólk í hlutastarfi.
- Huga má að formlegra mati á starfinu og þátttöku barna og unglunga í því mati.

### **Það sem vel er gert:**

- Lögð er áhersla á að allir séu velkomnir í Þróttheima og til fyrirmyndar er hve vel er tekið á móti unglungunum og þeir kvaddir við brottför.
- Unnið er markvisst að því að efla sjálfsmynd, umhyggju, félagsfærni, virkni og þátttöku barna og unglunga.
- Til fyrirmyndar er hvernig aðferðir til aukins barna- og unglungalýðræðis eru nýttar í starfinu með útfærslu nemendaráðs.
- Dagskrá félagsmiðstöðvarinnar er fyrst og fremst skipulögð af börnum og unglungum.
- Börn og unglingar fá stuðning við að koma hugmyndum sínum í framkvæmd og læra að bera ábyrgð á verkefnum. Ábyrgð þeirra eykst með auknum aldri og þroska.
- Mikið er lagt upp úr ígrundun með börnum og unglungum í kjölfar viðburða.
- Börn og unglingar eru áhugasamir um starfið og finnst þeir hafa val um fjölbreytt viðfangsefni. Mikil þátttaka er í ráðum og hópum félagsmiðstöðvarinnar.
- Starfsemin tekur mið af ólíkum þörfum einstaklinga.
- Starfsfólk er í góðu samstarfi við skóla vegna barna og unglunga sem þurfa sérstaka hvatningu.

### **Tækifæri til umbóta:**

- Huga þarf að endurbótum á húsnæði og betra aðgengi fyrir fatlaða.
- Leita þarf leiða, í samstarfi við frístundamiðstöð, til að viðhalda efnivið og búnaði.
- Leita má leiða til að auka vitund barna og unglunga um sjálfbærni og virðingu fyrir umhverfi og náttúru.
- Leita má leiða til að nýta fyrirmyndar lýðræðisvinnu með börnum og unglungum inn í stefnumótun og starfsáætlunargerð Þróttheima/Kringlumýrar.
- Til bóta væri að hafa upplýsingar um starfið aðgengilegar á erlendum tungumálum (s.s. á heimasíðu).

## MANNAUÐUR

### Það sem vel er gert:

- Áherslur í starfsskrá og stefnu starfsstaðarins endurspeglast í starfsháttum.
- Starfsfólk er skapandi og nýtir menntun sína, áhuga og hæfileika í starfi og er jákvætt gagnvart þróun á starfinu.
- Starfsfólk er ánægt í starfi og starfsemin endurspeglar gott samstarf, samábyrgð og lausnamiðað viðhorf.
- Starfsfólk upplifir að það geti haft áhrif á starfið og telur hæfni sína vel nýttá.
- Starfsfólk hrósar og hvetur hvert annað.
- Starfsfólk er skapandi og virkt í starfi með börnum og unglingum og samskipti þeirra við börn og unglunga eru uppbyggileg.
- Unglingum finnst starfsfólk hlusta á skoðanir sínar og hugmyndir.
- Foreldrar hrósa starfsfólki fyrir fagmennsku í starfi.

## STAÐARBRAGUR

### Það sem vel er gert:

- Samskipti í þróttheimum einkennast af jákvæðni, umburðarlyndi og virðingu.
- Tillit er tekið til ólíkra sjónarmiða og lögð áhersla á að ræða og vinna strax úr öllum málum sem upp koma.
- Starfsfólk hefur trú á getu og hæfni barna og unglunga og hvetur þau til að takast á við áskoranir.
- Gagnkvæm virðing ríkir, börn og unglingar hafa greiðan aðgang að starfsfólki, þeim líður vel og þau eru ánægð með þróttheima.
- Starfsfólk er meðvitað um hlutverk sitt sem fyrirmyndir og börn og unglingar segja þau góðar fyrirmyndir.
- Viðhorf foreldra til starfsfólks og starfseminnar í félagsmiðstöðinni er jákvætt og þeim finnst starfið faglegt.

### Tækifæri til umbóta:

- Lýðræðislegir starfshættir eru til fyrirmyndar og enn mætti auka þá með því að virkja börn og unglunga við að búa til sameiginlegar reglur.
- Huga þarf að aðgengi upplýsinga á heimasíðu.



## INNRA MAT

Engar athugasemdir eru gerðar við þennan matsþátt og hvorki dregið fram það sem vel er gert né það sem betur má fara þar sem innra mat hefur ekki ennþá verið innleitt með formlegum hætti í frístundastarf.

Ytra mat á Þróttheimum var tilraunamat sem meðal annars verður nýtt til að endurskoða viðmið fyrir mat á gæðum frístundastarfs. Samhliða tilraunamatinu eru hagsmunaaðilar að senda inn umsagnir um viðmiðin. Viðmiðin skilgreina gæði í frístundastarfi og þar með þær kröfur og væntingar sem eru gerðar til starfsfólks og starfsemi í frístundastarfi. Þegar þessari vinnu við viðmiðagerðina lýkur er gert ráð fyrir því að farið verði af stað með stuðning við innra mat á frístundaheimilum, frístunda-klúbbum og félagsmiðstöðvum.